

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 948 (25.6.2020) - Starfs- og fjárhagsáætlun 2021 og 3ja ára áætlun 2022-2024

Málsnúmer : 202005082
Málsaðili : Fjármála- og stjórnsýslusvið
Niðurstaða (stutt) : Lagt fram til kynningar
Fundardagur : 25.06.2020

Inngangur : Katrín Dóra Þorsteinsdóttir frá fjármála- og stjórnsýslusviði kom inn á fundinn kl. 14:42.

Til umræðu fjárhagsrammar og forsendur fjárhagsáætlunar 2021 og 3ja ára fjárhagsáætlunar.

Ekki liggur enn fyrir þjóðhagsspá að sumri eða forsendur frá Sambandinu en stjórn Sambandsins bókaði á fundi sínum þann 12. júní að "hún telur það vera áhyggjuefni að vegna frestunar á framlagningu fjármálastefnu og fjármálaáætlunar 2021-2025 muni óvissa í forsendum fjárhagsáætlana verða meiri en ella. Leggja þarf sérstaka áherslu á nána samvinnu hlutaðeigandi ráðuneyta, Hagstofu Íslands og Sambandsins, þannig að tryggt verði með öllum ráðum að sveitarfélögin fái sem gleggstar upplýsingar, og í tæka tíð, fyrir gerð fjárhagsáætlana þeirra."

Launafulltrúi sendir út þarfagreiningu vegna launa til stjórnenda núna um mánaðarmótin.

Niðurstaða : Lagt fram til kynningar.